


# Yfirlitssýning á verkum Louisu Matthíasdóttur

OPNUÐ verður á Kjarvalsstöðum laugardaginn 21. ágúst kl. 16 yfirlitssýning á verkum eftir Louisu Matthíasdóttur.

Louisa Matthíasdóttir fæddist í Reykjavík árið 1917 og stundaði listnám í Danmörku, París og New York en þar hefur hún búið undanfarin 40 ár.

Louisa hefur um langan tíma notið viðurkenningar sem listmálari í Bandaríkjunum og hér á Íslandi hafa verk hennar alltaf vakið mikla athygli enda sækir hún myndefnið að miklu leyti til Íslands og segir sjálf að ekkert landslag sem hún hafi séð síðar á ævinni hafi haft sömu áhrif á sig og landslagið í æsku. Fyrir utan landslags- og borgarlandslagsmyndir eru mannmyndir, sjálfmyndir og uppstillingar meginviðfangsefni hennar. Í sjálfmyndunum er hún í senn skoðandinn og hið séða, listamaðurinn og myndefnið. Þær bera með sér að öll tilfinningasemi hefur verið yfirstigin og hún leitast við að horfa hlutlaust á sjálfa sig. Um uppstillingarnar gildir það sama og um mannmyndir hennar, hún leitar ekki upp myndefni sín heldur notar í uppstillingar sínar það sem hendi er næst, hversdagslega hluti sem rekja uppruna sinn til eldhússins, vinnflokks, glösu, formfagurt lítríkt grænmeti eldhúshöld ýmiskonar, oft hnif og skurðarbretti. Málverk hennar er agað og hreint, allt þrjál hefur verið hreinsað burt af myndfletinum og eftir stendur kristalstær kjarni eða hugmynd sem hún vinnur með útfrá strangt öguðum form- og litrænum forsendum.



Louisa Matthíasdóttir

Á sýningunni eru um fimmtíu myndir sem spanna allan hennar feril. Elsta myndin á sýningunni er frá því um 1939 og sú yngsta er máluð á þessu ári. Í þeim má glögglega sjá hina hægfaru en stöðugu þróun í list Louisu undanfarin 50 ár og hvernig hún smám saman þróar með sér hin einföldu og markvissu vinnubrögð sem einkenna list hennar í dag.

Í tilefni sýningarinnar hefur verið gefin út vönduð sýningarskrá með 20 litmyndum sem spanna allan feril hennar og einnig er í sýningarskránni grein eftir Kristínu Guðnadóttur safnvörð um Louisu, list hennar og feril. Á meðan á sýningunni stendur verða seld plaköt árituð af Louisu.

Sýningin er opin daglega frá kl. 10 til kl. 18 og stendur til sunnudagsins 12. september.

(Fréttatilkynning)

## Hrafnkötluping


STOFNUN Sigurðar Nordals og áhugamenn um rannsóknir á Hrafnkels sögu Freysgoða gangast fyrir ráðstefnu í Menntaskólanum á Egilsstöðum 28. og 29. ágúst nk. og hefst hún kl. 10 árdegis báða dagana.

Hvatamaður að þinginu er dr. Hermann Pálsson, fv. prófessor í Edinborg, og flytur hann þar fyrirlestur sem nefnist „Málið á Hrafnkels sögu“.


Auk Hermanns halda Guðrún Nordal, Helga Kress, Jón Hnefill Aðalsteinsson, Páll Pálsson, Sveinbjörn Rafnsson, Sverrir Tómasson og Stefán Karlsson erindi á þinginu. Fjalla erindi þeirra um uppruna sögunnar, söguefni, byggingu og inntak og samband hennar við aðrar fornögur.

Ráðstefnustjóri verður Úlfar Bragason, forstöðumaður Stofnunar Sigurðar Nordals. Í tengslum við ráðstefnuna verður farið á Hrafnkötluslóðir undir leiðsögn heimamanna.


(Fréttatilkynning)



Ingibjörg Haraldsdóttir



Bragi Ólafsson



Sigurður Pálsson

## Besti vinur ljóðsins

# Skáldakvöld á Hótel Borg

BESTI vinur ljóðsins stendur fyrir skáldakvöldi á Hótel Borg í kvöld, fimmtudaginn 19. ágúst, kl. 21. Þar munu sjö skáld lesa úr nýjum eða væntanlegum bókum.

Eftirtalin skáld koma fram; Bragi Ólafsson, sem nýlega sendi frá sér bókina Ytri höfnin, Ingibjörg Haraldsdóttir, Jón Stefánsson les úr bókinni Hún spurði hvað ég tæki með mér á eyðieyju, Kristín Ómarsdóttir sem gefur út ljóðabók í haust,

Kristján Þórður Hrafnsson, sem sendir frá sér bókina Húsin og götarnar, Sigurður Pálsson les úr bókinni Ljóð línudans, sem kemur út í haust og Þorsteinn Gylfason sem gefur út bók með ljóðþýðingum.

Þetta er fyrsta ljóðakvöld Besta

vinar ljóðsins í tvö ár, en Besti vinurinn stóð fyrir fjölmörgum skáldakvöldum á árunum 1986-91.

Skáldakvöldið er haldið í Gyllta sal Hótel Borgar sem nú hefur verið gerður upp.

Upplestrinum í kvöld verður útvarpað beint á Rás 2 í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar. Kynnir á skáldakvöldinu er Hrafn Jökullsson. Aðgangseyrir er 300 kr.

## Sigríður og Nína Margrét í Listasafni Sigurjóns

### Tónlist

Ragnar Björnsson

Ómetanleg er sú stefna forráðamanna Listasafns Sigurjóns að veita ungu fólki á listabru, fólki sem enn er í reglubundnu námi, tækifæri til að koma fram, sýna kunnáttu sína og hæfileika, eða kannske hæfileikaleysi á stundum, sem líka er nauðsynlegt að vera vitandi um, og bera þetta síðan á borð fyrir fullu húsi áheyrenda. Miklar undirtektir fá forráðamenn safnsins við þessa stefnu í mikilli aðsókn á tónleikana og endist þeim kraftur og áhugi til að halda þessu áfram sem allra lengst.

Sigríður Jónsdóttir, mezzó-sópran kallar hún sig, er enn í námi og enn vantar punktinn yfir i-ð. Sigríður er mjög vel músikölsk og hefur sérlega fallega framkomu á sviði. Öll meðferð hennar á verkefnum sýnir sem sagt gott „músikalit“, sem reyndar þarf ekki að hafa nein teljandi tengsl við listsköpun, en það er jú annað mál. Sumum hættir e.t.v. til að blanda þessu tvennu saman og heppilegast er vitanlega þegar hvorutveggja þetta rennur saman í einn farveg.

Undirritaður getur hugsað sér listsköpun á sviði tónlistar án verulegs „músikalitets“, en flutningur án þessara innri átaka og fæðingar, sem listsköpun getur nefnst, er ekki nema hluti sannleikans. Oft bregður fyrir mjög fallegum augnablikum í rödd og meðferð Sigríðar á verkefnum, sem lofar góðu í framtíðinni.

Það sem á vantar er stuðningur við tónmyndun og þá sérlega á efra raddsviðinu, þar verður tónninn gjarnan of loftkenndur og fyrir kemur að tónninn er ekki alveg hreinn. Þetta er og bundið því að hún virðist eiga erfitt með að losa um hömlur, þora að opna gáttir tilfinninganna, leyfa sönglínunni að blómstra og jafnvel að hætta að henga sig svo mikið á texta og fraseringar, þora að leyfa því sem inni býr að svifa frjálsum um sali, það er það sem áheyrandinn vill fá og ég trú þvi að Sigríður eigi til ónýttu orku, sem við áheyrendur viljum fá, temmilega óbeislada.

En allt hefur sinn tíma, stendur í merki bók og velviljaður gagnrýnandi hlýtur að benda á það sem honum finnst að og trúir að geti komið viðkomandi að gagni.

Best fannst mér meðferð Sigríðar á lögum sem höfðu í sér hómur, þó var Fluglinn í fjörunni í hraðara lagi, varð dálítið órólegur fyrir bragðið, Íslenskt vögguljóð þarf að vera einfalt í flutningi, þannig nýtur þessi perla sín best. Kvæðið um litlu hjónin var skemmtilega mótað, en lengra mátti ekki ganga. Schubert-, Brahms- og Schumann-lögin eru erfiðar uppgáfur og urðu sum dálítið þunglamaleg, e.t.v. vegna of mikils vandvirknishugsunarháttar.

Betur áttu við Sigríði lögin eftir Samuel Barber og lögin eftir Gabriel Fauré, þar sem mjög reynir á pianóð. En kannske naut rödd og skilningur Sigríðar sín best í seinna aukalaginu. Summertime, kannske ætti Sigríður að velja því sviði fyrir sér.

Nína Margrét Grímsdóttir er góður pianóleikari, þótt mér fundist hún stundum ofgera í sönglögnum. Abegg-tilbrigðin eftir R. Schumann lék hún af öryggi, em minni pedall, á stundum, hefði ekki skaðað, briljans sumra tilbrigðanna hefði við það fengið meiri glæsileik. Jeux d'Éau eftir Ravel er ekki auðvelt í flutningi og var margt fallett í leik Nínu, en nokkuð fannst mér hún byrja verkið í hröðu tempó, hætt er við að nokkur óróleiki slæðist inn og leikur vatnsins nýtur sín ekki betur þannig.

## HÁTÚN

### FASTEIGNASALA Suðurlandsbraut 10

Ábyrgð - Reynsla - Öryggi Hilmar Valdimarsson.

SÍMAR 687828 og 687808

#### HÁTÚN

Til sölu stórglæsli. 3ja herb. 97 fm nýl. íb. á 2. hæð.

#### NÝTT Á SKRÁ:

##### ÆSUFELL

Vorum að fá í sölu mjög góða 7 herb. 134 fm íb. á 4. hæð í lyftuh. Nýtt eldh. Mikil útsýni. Verð 8,5 millj.

##### FURUGRUND - 4RA OG EINSTAKLINGS

Vorum að fá í sölu fallega 4ra herb. ca 100 fm íb. á 1. hæð. 24 fm einstakl. í kj. Gott verð.

##### GNOÐARVOGUR

Vorum að fá í sölu góða 3ja herb. íb. á 1. hæð.

##### ÁLFTAMÝRI - ATH. SKIPTI

Falleg 3ja herb. endaíb á 4. hæð. Skipti á stærri eign æskil.

##### LAUSAR ÍBÚÐIR:

##### KARLAGATA

Til sölu ágæt 3ja herb. íb. á 1. hæð. Verð 5,3 millj.

##### VESTURBERG

3ja herb. 74 fm íb. á 5. hæð í lyftuh. íb. er nýmál. Nýtt gler. Húsið nývíg. að utan. Gott útsýni.

Hilmar Valdimarsson, Sigmundur Böðvarsson hdl., Brynjar Fransson.

21150-21370

LÁRUS Þ. VALDIMARSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI KRISTINN SIGURJONSSON, HRL. LOGGILTUR FASTEIGNASALI

Nýtt á söluskrá - auk annarra eigna:

### Fyrir smíð eða laghentan

Í Smábúðahverfi endaraðhús með 4ra-5 herb. íb. á tveimur hæðum 115 fm. Ennfremur þvottahús og góð geymsla í kjallara. Þarfnast nokkurra endurbóta. Skipti æskileg á 2ja-3ja herb. íb. í hverfinu. **Gott verð.**

### 2ja herbergja ódýrar íbúðir

M.a. við Gunnarsbraut lítil séríbúð í kjallara. Laus strax. Og við Njálsgötu lítil á 3. hæð í vel byggðu steinhúsi.

### Skammt frá Borgarspítalanum

Séríbúð í tvíbýli. 3ja herb. íbúð á neðri hæð 82 fm nettó. Allt sér. Öll eins og ný. 40 ára húsnæðis. kr. 3,6 millj. Tilboð óskast.

### Daglega leita til okkar

traustir kaupendur, sumir með miklar og góðar greiðslur. Sérstaklega óskast íbúð í vesturborginni eða nágr. með góðu forstofuherbergi og sér snyrtingu. Ennfremur góðar eignir sem næst miðborginni.

Gott skrifstofuhúsnæði óskast sem næst miðborginni. Opíð á laugardaginn.

**ALMENNA FASTEIGNASALAN**  
LAUGAVEGI 18 SÍMAR 21150-21370

## MENNING/LISTIR

### Myndlist

### Erla sýnir í Listahorninu

Myndlistarkonan Erla Sigurðardóttir sýnir í Listahorni Upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn, Skólalabraut 31, Akranesi.

Á sýningunni eru krítar- og vatnslitamyndir og eru þær allar unnar á þessu ári. Erla stundaði nám við Myndlista- og handiðaskóla Íslands 1984-1988 og lauk prófi úr málara-deild. Sumarið 1991 var hún við nám við Europeische Akademie für Bildende Kunst í Þýskalandi. Hún starfar nú við myndskreytingu barnabóka, auk kennslu við Myndlistarskóla Kópavogs.

Erla hefur haldið nokkrar einkasýningar, m.a. í Slunkarfi á Ísafirði, Bókasafni Akraness og í Reykjavík. Auk þess hefur hún tekið þátt í sam-sýningum hér heima og erlendis. Þessi sýning Erlu í Listahorninu hófst 16.

ágúst og lýkur 15. september og er opin alla virka daga.

### Steinvör í Nesbúð

Steinvör Bjarnadóttir sýnir vatns-litamyndir í Nesbúð við Nesjavelli frá 18. ágúst.

### Tónlist

### Styrktartónleikar Kammerklúbbsins

Kammerklúbbur Óperusmiðjunnar heldur sína 3ju styrktartónleika, í dag fimmtudaginn 19. ágúst kl. 20.30 í sal FÍH, Rauðagerði 27.

Á efnisskránni verða finnsk, þýsk, ensk, frönsk og ítölsk sönglög.

Þeir söngvarar sem koma fram á tónleikunum eru: Björk Jónsdóttir, Ingunn Ósk Sturludóttir, Jóhanna V. Þórhallsdóttir, Magnús Torfason, Sigríður Gröndal og Þórunn Guðmundsdóttir. Með þeim leika: Hallfríður Ólafsdóttir, Kristinn Örn Kristinsson, Vilhelmina Ólafsdóttir og Þórhildur Björnsdóttir.